



Helstu niðurstöður aðalfundar N1 hf.

Aðalfundur N1 hf. var haldinn þann 16. mars 2016 klukkan 16:00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Allar tillögur sem lágu fyrir fundinum voru samþykktar samhljóða en þær voru eftirfarandi:

1. Fundurinn samþykkti ársreikning stjórnar fyrir árið 2015.

Samþykkt var að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 1.050.000.000 vegna rekstrarársins 2015 eða kr. 3,0 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verður greiddur til hluthafa þann 7. apríl 2016. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 16. mars 2016 og arðleysisdagur því 17. mars 2016. Arðsréttindadagur er 18. mars 2016, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá N1 hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands í lok dags 18. mars 2016.

2. Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

Aðalmenn

1. Helgi Magnússon, kennitala: 140149-4119
2. Jón Sigurðsson, kennitala: 180378-4219
3. Kristín Guðmundsdóttir, kennitala: 270853-7149
4. Margrét Guðmundsdóttir, kennitala: 160154-2419
5. Þórarinn V. Þórarinsson, kennitala: 250654-2869

3. Endurskoðunarfirmað Ernst & Young var kjörið til að vera áframhaldandi endurskoðandi félagsins fyrir rekstrarárið 2016.
4. Samþykkt var að þóknun stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar, auk greiðslur til endurskoðanda verði með eftirfarandi hætti:

Stjórnarformaður fái kr. 630.000 á mánuði
Varaformaður stjórnar fái kr. 472.500 á mánuði
Aðrir stjórnarmenn fái kr. 315.000 á mánuði Fulltrúar í starfskjaranefnd fái kr. 35.000 á mánuði
Formaður starfskjaranefndar kr. 75.000 á mánuði
Fulltrúar í endurskoðunarnefnd fái kr. 65.000 á mánuði
Formaður endurskoðunarnefndar kr. 110.000 á mánuði

Greiðslur til endurskoðenda skulu vera samkvæmt reikningi.

5. Starfskjarastefna

Starfskjarastefna frá fyrra ári var samþykkt óbreytt að öðru leyti en því að við bætist eftirfarandi 7. gr. um skaðleysi stjórnar og framkvæmdastjórnar:

„Félagið skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi starfsábyrgðartrygging fyrir stjórnarmenn og æðstu stjórnendur, bæði starfandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra í þágu félagsins. Félagið skal tryggja að þeim sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þá kunna að verða gerðar eða á

þá kunna að falla vegna starfa þeirra fyrir félagið að svo miklu leyti sem slík krafa er ekki til komin fyrir saknæma háttsemi hlutaðeigandi sem metin er honum sem ásetningur eða stórfellt gáleysi.

Félagið greiðir tryggingariðgjald starfsábyrgðartryggingar og eðlilegan kostnað af málsvörn gagnvart kröfum eða rannsóknum af ofangreindum toga með fyrirvara um rétt til endurkröfu, komi síðar í ljós að viðkomandi hafi í umræddu tilviki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brotið gegn trúnaðarskyldum sínum við félagið eða ákvæðum laga í starfi sínu fyrir það“.

6. Breytingar á samþykktum

Samþykkt var tillaga stjórnar um að breytt verði ákvæði 17. gr. samþykktu félagsins, þannig að við 8. mgr. 17. gr. bætist eftirfarandi ákvæði:

„Hluthafar skulu ávallt eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör í tvo sólarhringa frá því að stjórn kunngerir niðurstöður framboða til stjórnar, ef ekki er sjálfkjörið.“

7. Eftirfarandi tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum var samþykkt:

„Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfaviðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfaviðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar.“